# Ægissíða II í Rangárþingi ytra
## Deiliskipulagsbreyting

Rangárþing ytra




GILDANDI DEILISKIPULAG 1:2000




BREYTT DEILISKIPULAG 1:2000




HLUTI AÐALSKIPULAGS RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

SKÝRINGAR

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Byggingarreitir
- Lóðamörk
- Núverandi byggingar
- Lóð Rangárstígs 9
- Skipulagssvæðið
- Hreinsivirki
- Vatnsveita
- Rafstrengur
- Nýjar byggingar - möguleg staðsetning
- Hnit (X 430401.71, Y 370679.63)

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem er unnin skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann ________________ og í sveitarstjórn Rangárþing ytra þann ____________

f.h. Sveitarfélagsins Rangárþing ytra

______________________________

Deiliskipulagið öðlaðist gildi í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________

EFLA

Ægissíða II
Rangárþing ytra
Deiliskipulagsbreyting

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 102945-001 | A3 | MMR | AB |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:2000 | 16.03.2026 | --- | |
| SAMÞYKKT: | | | |

## GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ægissíðu 2 sem tók gildi í B-deild stjórnartíðinda 27.11.2017 með síðari breytingum. Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á lóðinni hefur verið byggt frístundahús. Með breyttu skipulagi er lóð nr. 9 við Rangárstíg stækkuð skv. Landeignarskrá HMS auk þess sem gert er ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðinni. Skipulagsmörk stækka sem um nemur stækkun lóðarinnar. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra þar sem svæðið er skilgreint sem frístundasvæði.

## GREINARGERÐ FYRIR BREYTINGU

### Skipulagssvæði

Skipulagssvæðið liggur skammt sunnan við Suðurlandsveg (nr. 1) og er um 2,1 ha. Svæðið er algróið og hallar nokkuð til suðurs og suðausturs að bökkum Ytri-Rangár.

### Lóð 9

Ný lóð, Rangárstígur 9, nær að bökkum Ytri-Rangár. Áfram verður opið fyrir umferð gangandi meðfram ánni og veiðiréttur mun áfram fylgja jörðinni Ægissíðu 2. Á nýrri lóð, Rangárstígs 9, er heimilt að byggja allt að 120 $m^2$ frístundahús, allt að 30 $m^2$ gestahús og allt að 20 $m^2$ geymsluhús/gróðurhús. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki fara yfir 0,03. Heimiluð er ferðaþjónusta, þ.e. gisting fyrir allt að 10 gesti.

## GREINARGERÐ EFTIR BREYTINGU

### Skipulagssvæði

Skipulagssvæðið liggur skammt sunnan við Suðurlandsveg (nr. 1) og er um 2,5 ha. Svæðið er algróið og hallar nokkuð til suðurs og suðausturs að bökkum Ytri-Rangár.

### Lóð 9

Lóðin Rangárstígur 9, nær að bökkum Ytri-Rangár. Áfram verður opið fyrir umferð gangandi meðfram ánni og veiðiréttur mun áfram fylgja jörðinni Ægissíðu 2. Á lóð Rangárstígs 9 er 110 $m^2$ frístundahús sem heimilt er að viðhalda og/eða stækka. Einnig er heimilt að byggja bílskúr/skemmu/gistihús allt að 130 $m^2$. Nýtingarhlutfall lóðar skal ekki fara yfir 0,025. Heimiluð er ferðaþjónusta, þ.e. gisting fyrir allt að 10 gesti.

## UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum í gildandi deiliskipulagi. Breytingin hefur engin umhverfisáhrif umfram gildandi deiliskipulag.

## BREYTING Á UPPDRÆTTI

Lóð Rangárstígs 9 stækkar um 6374 $m^2$ og er ný stærð lóðar 12.143 $m^2$. Skipulagssvæðið er stækkað sem um nemur lóð Rangárstígs 9 og er ný stærð svæðis 2,5 ha. Byggingarreitur er stækkaður til austurs og norðurs. Árbakki er aðlagaður í samræmi við fjarkönnunargögn. Hnitkrossum er bætt við á uppdrátt.

Að undanskildum þeim breytingum sem fjallað er um hér gilda ákvæði í gildandi skipulagi.